Fundargerð 06.11.2020

# Fisksjúkdómanefnd - aukafundur

| | | | |
|---|---|---|---|
| *Fundarboðandi:* | Sigurjón Njarðarson, f.h. formanns | *Fundarstaður:* | Fjarfundur í gegnum Teams Samskiptaforrit |
| *Fundarstjóri:* | Gísli Jónsson | *Dagsetning:* | 6. nóvember 2020 |
| *Fundarritari:* | Sigurjón Njarðarson | *Fundartími:* | 08:30 – 09:15 |

*Þátttakendur:* Gísli Jónsson (Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun, staðgengill formanns), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafró). Klara Björg Jakobsdóttir (f.h. Hafró) og Sigurjón Njarðarson (fulltrúi yfirdýralæknis).

## Dagskrá

1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsókna um lyfjameðhöndlun eldisfiska

## Umræða

**1. Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna lyfjameðhöndlunar eldisfiska í sjókvíaeldi**

a) Umsókn um leyfi til að lúsameðhöndla eldisfisk með SliceVet lúsalyfi (Emamectin benzoat) við Laugardal í Tálknafirði: Um er að ræða áður frestaða afgreiðslu frá fundi 21. október 2020. Borist hafa ný gögn varðandi þessa umsókn. Það er mat Fisksjúkdómanefndar að teknu tilliti til aðstæðna, tíðarfars í meðalári, stærðar og aldurs fisks í umræddum kvíum og annara ytri og innri ástæðna, að meðhöndla beri umræddan fisk með lyfjablönduðu fóðri í samræmi við fyrirliggjandi umsókn.